

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

---

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

19. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 10.apríl 2017

kl. 8:15 í fundarsal BS Hringbraut 125. 230 Reykjanesbæ

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

**Gestir fundarins, Þorleifur Björnsson og Guðmundur Kjartansson**

### Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Ársreikningar 2016 lagðir fram.
  - Guðmundur Kjartansson endurskoðandi frá Deloitte kom á fundinn og útskýrði ársreikninga B.S. bs. vegna ársins 2016.
  - Stjórn samþykkti ársreikning 2016 samhljóða.
2. Ný slökkvistöð.
  - Þorleifur björnsson fyrir hönd Glóru ehf. fór yfir minnisblaðið sem liggur fyrir fundinum varðandi byggingu nýrrar slökkvistöðvar.
  - Ákveðið að ganga til viðræðna við Glóru ehf. um áframhald á vinnu við að fullklára teikningar af lögnum og flr. Þannig að hægt sé að fara í að bjóða út byggingu nýrrar slökkvistöðvar.
3. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
  - Jón fór yfir tölfræði vegna aukningar í sjúkraflutningum og eru fyrstu mánuðir ársins með 10% aukningu frá fyrra ári sem þó var metár.
  - Stjórnendur fóru á fund hjá United Silicon eftir bruna sem var þar um daginn og fengu skýringar á hvað gerst hefði og hvað stæði til að gera í framhaldinu.
  - BS. bs. hélt fund slökkviliðsstjórafélgs Íslands ( FSÍ) um síðustu helgi á Park Inn Hótel og tókst hann mjög vel og voru allir mjög ánægðir með hann.
  - Jón sendi að beiðni nefndarsviðs Alþingis umsögn um tillögu að flutning Landhelgisgæslunar til Suðurnesja, þingskjal 194-135.

4. Önnur mál.

**Fundi slitið kl. 09:50**